



## Álagning fasteignagjalda og útsvars í Húnaþingi vestra árið 2023

Útsvar	14,74 %
Fasteignaskattur A-gjald	0,40 % af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32 % af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,32 % af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	10 kr. pr. m <sup>2</sup>
Lóðarleiga, ræktað land	1,38 kr. pr. m <sup>2</sup>
Holræsagjald	0,21% af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,27% af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	17,0 kr. m <sup>3</sup>
Hreinsun rotþróa:	
0-2000 lítra	12.000 kr. pr. þró
2001-4000 lítra	14.050 kr. pr. þró
4001-6000 lítra	15.750 kr. pr. þró
6001 lítra og stærri	4.070 kr. pr. m <sup>3</sup>
Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða.	100.000 kr.
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp.	43.000 kr.

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatí ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4.

### Gjalddagar

Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000 er 1. maí.

Gjalddagar gjalda sem eru á bilinu kr. 20.001 – 38.000 eru 1. apríl og 1. júlí.

Fasteignagjöld eigna sem eru hærri en kr. 38.000 hafa 8 gjalddaga, frá 1. febrúar 2023 til 1. september 2023.

## **Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2023.**

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur og tekur einungis til fasteignaskatts. Hámark afsláttar er kr. 72.000.

### **Tekjuviðmiðun:**

#### **Fyrir einstaklinga:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 4.370.000 fær 100% afslátt, þó að hámarki kr. 72.000.
- b) Með tekjur umfram kr. 5.750.000 enginn afsláttur.

#### **Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:**

- a) Með heildartekjur allt að kr. 5.750.000 fær 100% afslátt, þó að hámarki kr. 72.000.
- b) Með heildartekjur umfram kr. 7.820.000 enginn afsláttur.

Hlutfallslegur afsláttur er veittur samkvæmd framangreindu tekjubili.

1. Elli- og/eða 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði.
2. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
3. Í tilfalli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
4. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins að fullu.

**Samþykkt á 359. fundi sveitarstjórnar þann 10. nóvember 2022.**